



Grindavík, 06.06.2024

Nefndasvið Alþingis

Efni: Breyting á ýmsum lögum um framhald á stuðningsaðgerðum vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ

Fordæmalausir tímar kalla á fordæmalausar aðgerðir!!

Stjórnvöld tóku ákvörðun um að kaupa upp heilt bæjarfélag en hafa ákveðið að láta fyrirtækin taka skellinn með þá trú að fyrirtækin verði til staðar til að byggja upp bæinn á ný þegar þar að kemur.

Þær aðgerðir sem stjórnvöld bjóða upp á fyrir fyrirtæki er svæfing. Hvaða fyrirtæki lifa af svæfingu um óákveðinn tíma? Fá. Einna helst framleiðslufyrirtæki sem eru ekki háð viðskiptavinum í Grindavík. Þau fyrirtæki eru þó slegin niður á um það bil tveggja mánaða fresti með rýmingu, engu rafmagni og/eða erfiðum samgöngum. Eru með viðskipta- sambönd í hættu, starfsfólk sem finnur ekki til öryggis í vinnunni og tryggingamál í óvissu. Svo fátt eitt sé nefnt.

Í einum mestu náttúruhamförum lýðveldisins er viðhorf forsætisráðherra Íslands til atvinnurekenda: "Atvinnurekstur er í eðli sínu áhættusamur". Takk fyrir það.

Breyting á lögum um tímabundinn rekstrarstuðning

Sala og birgðaaukning fyrirtækja er mismunandi frá mánuði til mánuðar. Því þarf að vera hægt að sækja um stuðning byggðan á lengra tímabili en gert er ráð fyrir í lögnum. Rekstrarstuðningurinn í þeirri mynd sem löggin kveða á um nýtist illa þeim sem starfa að einhverju eða öllu leyti innan Grindavíkur. Því þarf að breyta. Það vantar alla hvatningu, bæði fyrir atvinnurekendur og launafólk.

Breyting á lögum um tímabundinn stuðning til greiðslu launa

Þar sem óvissa er um hversu lengi atburður mun standa yfir og hversu ófyrirsjáanlegar afleiðingarnar munu verða er tímarammi þessara laga allt of stuttur en framlenging nær aðeins til tveggja mánaða. Þessi stuðningur er forsenda þess að atvinnurekendum sé gert kleift að viðhalda ráðningasambandi við sína starfsmenn.

Ábending um önnur atriði sem tengjast málefningu

Þau fyrirtæki sem eru með eigið fé bundið í fasteignum í Grindavík þurfa að fá uppkaup á sínum fasteignum og/eða leigustyrk til að hefja starfsemi annars staðar tímabundið á meðan óvissuástand ríkir.

Virðingarfyllst,

Guðfinna Magnúsdóttir
Hrefna Magnúsdóttir
Arna Magnúsdóttir
Hulda Halldórsdóttir